Samþykkt þann 04 APR. 2013
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Brynjar Rafn Ólafsson




GRUNNMYND NEÐRI HÆÐAR

mkv. 1:100




AFSTÖÐUMYND

mkv. 1:500




GRUNNMYND EFRI HÆÐAR

mkv. 1:100

Deiliskipulag gerir ráð fyrir að leyfð verði 50m2 stækkun á tveimur hæðum, en þessi tillaga gerir ráð fyrir 50m2 stækkun á einni hæð.

Stærðir skv. skrá Fasteignamats:

Lóð: 524.4m2

Íbúðarhús: 135.4m2
Útihús: 28.3m2
Samtals á lóð: 163.7m2
Nýtingarhlutfall: 0.31

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

BO Björgunarop

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.

Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

R Reykskynjarar

## BYGGINGARLÝSING

Úr Gildi

Húsið, sem er tveggja hæða einbýli með kjallara og lágu risi er timburhús og hvílir á steyptum sökkli. Húsið er byggt árið 1907, nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útlit hússinsi, en skipan glugga og útlit er að mestu óbreytt . Árið 1988 var útihús í jaðri lóðarinnar endurbyggt, en það hýsir vinnustofu og geymslu.

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér viðbyggingu norðan við húsið sem mun hýsa stofu, borðstofu og eldhús, og tengir húsið betur við baklóð sem er lítið nýtt í dag.
Á jarðhæð gamla hússins verður hægt að koma fyrir 2 svefnherbergjum og þvottahúsi. Viðbygging er slitin frá gamla húsinu með 2m breiðri tengibyggingu en á þaki hennar er gert ráð fyrir þaksvölum sem auðvelda flóttaleið úr herbergjum á 2.hæð.
Þakform og efnisval viðbyggingar er í samræmi við eldra hús.
Einnig verður bætt við opnum tengigangi eða skýli milli hússins og útihúss í jarðri lóðar, sem gerir ferðir milli húsana ögn þægilegri og skýlir um leið baklóðinni fyrir umferð um Lækjargötu.
NÝBYGGING

Húsið er hefðbundið timburhús með kúptri liggjandi panelklæðningu og hvílir á sökkli úr steinsteypu. Á húsinu er timburþak klætt bárujárni. *Innveggir eru úr timbri. Timburstigar eru í húsinu.*

1-ÞAK. Timburþak er á húsinu, klætt með borðaklæðningu og bárujárni. Þakhalli á eldri hluta hússins og viðbyggingu er 21°.

2-ÚTVEGGIR. Útveggir eldra húss eru úr 100mm timburgrind klæddri timburborðum og liggjandi panilklæðningu, einangraðir með 100mm steinullareinangrun. Timburgrind í nýbyggingu er 120mm, klædd krossvið og samskonar panil og er á eldra húsi að utan, og gipsi að innan. Einangrað með 100mm steinull.

3-GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar með tvöföldu gleri.

4-SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkul eldra húss er úr steinsteypu, en gólf eru úr timbri. Sökkull og gólfplata í nýbyggingu eru úr járnbentri steinsteypu.

5-INNVEGGIR. Innveggir eru úr 100mm timburgrind klæddri spónaplötum eða gipsi.

6-OFNAR. *Hefðbundnir veggofnar eru í eldra húsinu, en í viðbyggingu* verður gólfhitalögn.

7-BRUNAVARNIR. Klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

8-LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.


KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf
Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 699 0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is


LÆKJARGATA 11, HAFNARFJÖRÐUR
EINBÝLISHÚS - STÆKKUN — 13/01

AÐALUPPDRÁTTUR — mkv: 1:100 / 500

grunnmyndir, afstöðumynd, lýsing — 0201

hannað: KE | teiknað: KE | dags: 01.02.2013

breyting A: 20.03.2013 - lagfæring á lýsingu og merkingum
breyting B:
breyting C:
breyting D:

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.
*Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.*